

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. október 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegur sem göngugata og tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík fyrir Reitur 1.172.0 Brynjureitur, Reitur 1.172.1 Frakkastígsreitur og Reitur 1.172.2.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegur sem göngugata og tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík fyrir Reitur 1.172.0 Brynjureitur, Reitur 1.172.1 Frakkastígsreitur og Reitur 1.172.2 birtast í Frétta- og Lögbirtingablaðinu á morgunn, 30. október 2020. Tillögurnar eru í kynningu frá 30. október 2020 til og með 11. desember 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðum. <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugavegur-sem-gongugata> <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/reitur-11720-brynjureitur> <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/reitur-11721-frakkastigsreitur> <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/reitur-11722>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Laugavegur sem göngugata

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 2. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs og Vatnsstígs verða gerðar að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur, gróður, götugögn og lýsingu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Reitur 1.172.0 Brynjureitur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0 sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.172.1 Frakkastígsreitur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Frakkastíg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.172.2

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Grettisgötu og Klapparstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggi í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg og Frakkastíg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **30. október 2020 til og með 11. desember 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. desember 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is